

**Verkefnisfundur 3****í Ekenäs / Tammisaari í Finnlandi 25. - 26. apríl 2013.**

Ferðasaga. Kristín Petra, Ketill og Jóhannes.

Þátttakendur voru:

VMA á Akureyri: **Kristín Petra, Ketill og Jóhannes.**Gower College, Wales: **Caroline**Broadshoulders / Riverside, Hereford Englandi: **Philip.**Axxell, Finnlandi: **Beatrice, Charlotte og Tanja.**Jules Rieffel / France Europea í Nantes Frakklandi: **Nicholas**IFSAT, Haardervijk, Hollandi: **Bas**Skjetlein skóli rétt utan við Brándheim Noregi: **Bente og Ingvild.****Þriðjudagur 23. apríl 2013.**

Við kenndum okkar stundaskrá þriðjudaginn 23 apríl.

Kristín og Ketill áttu flug til Reykjavíkur kl. 16.10 og með stoppi hjá ættingjum á höfuðborgarsvæðinu fóru þau til Keflavíkur og gistu á Hótel Keili. Kristín fékk meira að segja lánaðan bíl hjá fjölskyldunni. Jóhannes ferjaði bíl til Reykjavíkur, smá snjócoma á Öxnadalsheiði og Holtavörðuheiði. Kominn suður um kl. 10 og Árni Víðir skutlaði gamla á Sóleyjargötuna.

**Miðvikudagur 24. apríl 2013.**

Jóhannes vaknaði 4.20 og mætti á BSÍ til að taka rútu kl. 5.00. Þegar komið var miðja leið til Keflavíkur var orðin hríð. Það hríðaði hressilega við flugstöðina.

Bíllinn sem Kristín og Ketill voru á var sumarbúinn en allt gekk vel. Svo er bara spurning hvort við finnum bílinn í snjónum þegar við komum til baka.

Innritun í Kiosk vélum í Leifsstöð, vélarnar prenta út brottfararspjöld og svo skila töskunum. Öryggisleit, smá innkaup í flugstöðinni og Icelandair til Stokkhólms fór af stað um kl. 8.05 eða hálf tíma of seint.

Flugið gekk prýðilega, vélin líklega nánast alveg full og við lentum á áætluðum tíma kl. 12.50 að staðartíma á Arlanda flugvelli við Stokkhólm.

Það hljómar dálítið undarlega að vera á leið til

Finnlands en fara til Stokkhólms. Ástæða þess er að í apríl flýgur Icelandair ekki alla daga beint milli Keflavíkur og Helsinki. Við þurftum hvort sem er að millilenda á leiðinni til baka ef



Snjór á Keflavík við brottför.

Ferðasaga. Kristín Petra, Ketill og Jóhannes

við notuðum Icelandair. Þegar við skoðuðum SAS þá var verðið svo miklu betra að það var ekki annað hægt en að nota SAS. Þrír til Helsinki fyrir rúmlega 90 þúsund kr. Lending á Arlanda um kl. 12.50

Við þurftum ekkert að hugsa um töskur eða slíkt. Við þvældumst um flugstöðina og rákumst meðal annars á verslun sem kallast DesignTorget. Þar var að finna ýmsar skemmtilegar vörur sem fólk hefur verið að hanna, sveigjanleg skurðarbretti, blómavasa úr plasti sem hægt er að leggja saman og fl. Fengum okkur kaffi og svo áfram í flug til Helsinki.

Við fórum með Blue 1 flugfélaginu, í Boeing 717 þotu með fimm sætum í hverri röð. Farið af stað kl. 14.50 á sænskum tíma og lent eftir rúman tæpan klukkutíma í Helsinki um kl. 16.45 á finnskum tíma. Þá erum við þremur tímum á undan Íslensku klukkunni.

Bente og Ingvild frá Þrándheimi voru í sömu vél frá Stokkhólmi. Þær flugu frá Þrándheimi og vélin þeirra var á eftir áætluð þannig að þær rétt náðu um borð til Helsinki.

Við biðum svo eftir Philip og við fórum svo öll í strætó nr 61 til lestarstöðvar Tikkurila. Þar tókum við lest til Pasila og skiptum um lest og fórum með henni til Karis. Þessar lestir eru alger töfrateppi, maður tekur varla eftir því að lestirnar eru á ferð og reyndar finnst manni að þær fari frekar hægt, þær fara reyndar ekki mjög hratt en þó hraðar en manni finnst, líklega uppí 150 km/klst. Við komum til Karis um kl. 20 og þar tóku Charlotte og Beatrice á móti okkur og keyrðu okkur til Ekenäs. Þar fórum við á Mótél Marine og fengum kvöldverð. Allir þátttakendur voru komnir og við rifjuðum upp kynnin og forvitnuðumst um hagi hvers annars.



Frá vinstri, Bente (Noregi), Tanja og Beatrice (Finnlandi).

Um kvöldið, sími og tölvupóstur og í háttinn. Íslendingar frekar þreyttir.

### **Fimmtudagur 25. apríl 2013, sumardagurinn fyrsti.**

Vaknað um 7.30, morgunverður um kl. 8.00 og við gengum af stað til fundarstaðarins um kl. 8.45. 10 mínútna gangur um eldri hluta Ekenäs. Jóhannes kannaðist við sig síðan á fundi í POETE verkefninu haustið 2011.

Fundir voru haldnir í húsnæði Axxell í Ekenäs. Fundurinn byrjaði um kl. 9.00

Tanja byrjaði á að bjóða fólk velkomið og Jóhannes tók við. Hann ræddi í stutta stund um það að það hefur tekist vel að reka verkefnið frá VMA, margir kannast við verkefnið í VMA og á Akureyri og við vonum að það hjálpi við að finna leiðir til að koma til móts við nemendur sem eiga mjög erfitt í skóla.

Við byrjuðum á að hver fundarmaður sagði stuttlega frá sjálfum sér og vinnunni við verkefnið og líka frá því sem var að gerast í skólanum. Þar kom fram að fólk er að glíma við veikindi, breytingar hjá stjórnendum í skólunum og breytingar í áherslum stjórnenda varðandi



alþjóðlegt samstarf. Meðal annars koma fram að efnahagsástandið virðist leiða til þess að stjórnendur líta á slíkt sem eitthvað sem má skera niður umfram annað.

Svo voru fluttar skýrslur um tilraunakeyrluna á starfsfóstraþjálfuninni. Þar kom vel fram að VMA hefur nokkuð náð að fylgja áætlun, Sama er að segja um Frakkland nema að þar er eftir að þýða meira á frönsku. Í Englandi er prufukeyrslan nokkuð vel á veg komin og líka í Finnlandi. Í Noregi er dálítið eftir vegna þess hvernig stendur á í skólanum, þar er dagskráin með þeim hætti að ekki var hægt að ljúka meiru á þessum tíma.

Það eru hinsvegar erfiðleikar í Hollandi vegna þess að fyrirtækið sem vinnur með Bas er á barmi gjaldþrots vegna þess að bæjaryfirvöld stóðu alls ekki við loforð um stuðning í formi þess að greiða fyrir þjálfun atvinnulausra. Í Wales er ástandið hinsvegar þannig að ekkert hefur gerst í að prufukeyra námskeiðin og ómögulegt er að átta sig á því af hverju þetta er. Það virðist að verkefnið hafi fallið milli skips og bryggju og það sé bara alþjóðadeildin sem veit um hvað verkefnið fjallar en þau hafa ekki náð að fá aðra með sér. Þar þarf að skoða mun betur hvernig er hægt að bregðast við og uppfylla það sem krafist er í verkefninu.



Ketill og Nicolas (Frakklandi) að pæla hvort ísinn haldi þeim.

Það kemur sem sagt í ljós að sama hversu skipulegt eitthvað er þá getur ýmislegt farið úrskeiðis.

Fundinum lauk um kl. 16.00.

Eftir fundinn löbбуðum við að sjónum. Ekenäs er vinsæll sumardvalarstaður í skerjagarðinum og margir koma með báta sína þangað. Veðrið var gott, talsverð gola af suðvestri við sjóinn en mun lygnara inni í bænum. Hitinn um 10 stig. Sólin skein allan daginn og gott að koma út í hádeginu þegar við löbбуðum í 5 mínútur til að fara í hádegismat.



Í Ekenäs, kirkja og húsin í gamla bænum.



Um kvöldið bauð Nicolas okkur í drykk, hann hafði með sér rauðvín, hvítvín og bjór frá Frakklandi í boði Mireille sem ekki kom í þetta skiptið. Við fengum fordrykk og svo var labbað á veitingahúsið la Vida.

Fyrir svefninn, tölvupóstur og skriftir.

### Föstudagur 26. apríl 2013.

Vaknað aftur um kl. 7.30 og morgunverður og við vorum komin á fundarstöð um kl. 9.00

Kristín Petra fór reyndar fyrr af stað og heimsótti gullsmíðadeild sem Axxell rekur í Ekenäs.

Þennan daginn var veðrið talsvert síðra, hitinn um 5 stig og rigningardropar, ekki mikil samfelld rigning en nóg til að bleyta götur.

Fundurinn fór í að koma ýmsum málum á hreint varðandi fund á Akureyri í október (3.-4. okt.) og hvernig við viljum kynna verkefnið á ráðstefnunni (samræða allra skólastiga). Við ræddum líka um hvað við þurfum að gera klárt fyrir lokaskýrsluna og í kynningarmálum. Hópurinn er þannig samsettur að þar eru alþjóðafulltrúar í fullu starfi sem vita allt um það hvernig er unnið að svona verkefnum en svo eru sumir í hópnum óvanir og það þarf að tryggja að allt skiljist.

Við lukum fundinum um kl. 15 og fórum að hótelinu. Ingvild og Bente frá Noregi fóru um kl. 14 og Tanja (gestgjafinn) líka. Hún var á leið í ferðalag vegna fjölskyldumála.

Fólk hallaði sér, fór í gönguferðir eða vann í tölvupósti og slíku. Við frá VMA



Lestarstöð í Karis á heimleið, frá vinstri, Philip (Englandi), Ketill, Caroline (Wales), Kristín Petra, Bas (Hollandi).

Merki Axxell skólans sést á nýlegri byggingu þeirra.



Fengum okkur í svanginn í tjaldi á markaði í Helsinki.



hittumst í einn og hálfan tíma til að ræða næstu skref, almennt um vinnustaðanám og hvernig við getum notað starfsfóstra aðferðir og efni áfram. Ein af niðurstöðunum er að við þurfum að skoða vel hvernig við höldum reiðu á upplýsingum um vinnustaði og þössum að við komum nemendum í vinnustaðanám sem hæfir. Þeir sem þekkja til vita að í VMA hefur verið talað um að eiga einn sameiginlegan gagnagrunn um vinnustaðina, við hverja á að hafa samband á hverjum stað, hvaða nemendur eru á hverjum stað og slíkt.

Við fórum svo í kvöldmat á veitingastað sem kallast GH. Góður matur en skrítíð við vorum eina fólkið á staðnum. Þessi staður er ekki alveg í miðbæ Ekenäs. Við urðum vör við að margir komu á hótelið og að margir voru að fara á tónleika í bænum.

### Laugardagur 27. apríl 2013

Vaknað uppúr kl. 7.30. morgunverður og við fórum af stað í leigubíl frá Motel Marine til lestarstöðvarinnar í Karis. Við vorum sex eftir af hópnum, Bas frá Hollandi, Caroline frá Wales, Philip frá Englandi og við þrjú frá VMA, Ketill, Kristín Petra og Jóhannes. Lestin fór frá Karis kl. 9.58. Lestin var vel nýtt, margir að fara til Helski. Þessi lest fer milli Turku og Helsinki og er líka eiginlega nánast algert töfrateppi. Maður finnur nánast ekkert fyrir því að hún sé á ferðinni, hún virðist hreyfast hljóðlaust yfir landið. Þetta eru allt rafmagnslestir og mjög snyrtilegar og góðar.

Komin til Helsinki um kl. 11. Kvöldum þau hin, Caroline var á leið beint á flugvöllinn og Philip átti flug síðar um daginn. Bas ætlaði að gista eina nótt hjá vini sínum í Helsinki. Við frá VMA röltum 400 metra frá lestarstöðinni að hótelinu, Cumulus Kaisaniemi við götuna sem liggur í austur frá lestarstöðinni. Við skráðum okkur á hótelið og létum töskurnar í geymslu. Svo var haldið af stað í bæjarferð. Verslanir, bæði alþjóðlegar og verslanir með sérvöru Finna.

Við röltum um Esplanade sem eru tvær götur með grónu svæði á milli og rándýrum verslunum beggja vegna. Við borðuðum fiskmeti í tjaldi á markaði við höfnina og kíktum í verslun með vörur eftir frægustu Finnsku arkitektana og



Altari Tempeliaukio kirkjunnar



Svalirnar í Tempeliaukio kirkjunni.



húsgagnahönnuðina. Verðið talsvert hátt.

Eftir að hafa komið við á hótelinu og farið á herbergin með farangur og skilað af okkur innkaupapokum fórum við að skoða Temppeliaukio kirkjuna. Hún er gerð ofaní klett og mjög áhrifamikið að koma inn í hana. Við stöldruðum þar við í góða stund og nutum tónlistar sem var spiluð þar inni og hljómburðurinn var stórkostlegur.

Á göngu okkar til baka frá klettakirkjunni komum við þar sem kallast Kamppi og er miðstöð með verslunum og rútubílastöð í kjallaranum. Við kíktum þar inn og gengum um torgið framan við. Þar er nýlega komin kapella þagnarinnar. Sú er nánast einöngu gerð úr timbri, hún er næstum egglega að utan og innan, Hún tekur bara 60 manns og er ætluð sem staður til að njóta friðar og þagnar og til hugleiðslu. Samkvæmt bæklingi um kapelluna er ekki ætlunin að þarna verði athafnir en samt verða á dagskrá bænastundir. Þessi kirkja var mjög sérstök líka en ótrúlega ólík en að sumu leyti lík klettakirkjunni, innra borð þeirra úr óvenjulegum efnum, annars vegar kletti og hlöðnum veggjum úr grjóti og hinsvegar fínt þússað timbur með engum misfellum innan á.




Á götunum var talsverð umferð af gangandi og akandi og greinilegt að vorið er að koma í Finnlandi. Það var frekar kalt fyrst eftir að við komum en milli kl. 14 og 17 hefur hitinn tosað í 7 – 10 stig. Svo kólnaði um kvöldið. Fengum okkur kvöldverð á Iguana sem er rétt við hótelið. Þeim stað má líkja við Greifann með Ítalskan og Mexíkóskan mat. Þar var mikil traffík og fjörugt hjá ungu fólki í hópum. Okkar ungi hópur var líka í góðu standi þótt við höfum verið farin að þreytast af fundum og göngu um miðborgina.

Á hótelið um kl. 21 að Finnskum tíma, þá var klukkan 6 á Íslandi og ennþá slatti eftir að fara á kjörstað. Tölvupóstur, pakka betur í töskur og stilla símann til að vakna kl. 7 morguninn eftir.

### Sunnudagur 28. apríl 2013

Komin í morgunverð rétt fyrir 7.30. Glæsilegur morgunverðarsalur og úrvalið gott. Samt kláruðust smápylsurnar ekki alveg af diskum, sumt af hinu var mun betra.



Timburkirkjan að utan.



Skiluðum lykilkortum í afgreiðsluna og drógum töskurnar framhjá járnbrautarstöðinni og sáum á eftir Finnair rútunni fara kl. 8.10 og næsta rúta ekki fyrr en 8.30. Við hefðum þurft að komast á flugvöllinn um 8.40. Urðum talsvert skúffuð við stúlkuna í afgreiðslunni á hótelinu / eða við okkur sjálf að hafa ekki skoðað betur upplýsingar um Finnair rúturnar. Þær fóru alls ekki kl. 8.00 og svo 8.15 eins og okkur hafði skilist á stúlkunni. Enduðum á að taka leigubíl. Hann varð vitaskuld dýrari en þó ekki svo óskaplega.

Á flugvellinum var byrjað í Tax Refund afgreiðslunni, innritað og öryggisleit. Það fór að lokum svo að við höfðum nægan tíma, greinilegt að á sunnudagsmorgni var ekki mjög mikil umferð um völinn. Veðrið var gott, reyndar frekar kalt að labba, 1 – 3 stig en logn og að verða sæmilega bjart.

Þotan til Kaupmannahafnar fór af stað um kl. 10.50 eða um 10 mín of seint. Það var aftur Boeing 717 frá Blue 1 fimm sæti í hverri röð, tvö öðru megin og þrjú hinum megin.



Við lentum á Kastrup um kl. 11.20 að Dönskum tíma eftir nærri eins og hálf tíma flug. Við þurftum ekkert að hugsa um farangur og dunduðum í flughöfninni í nærri tvo og hálfan tíma. Borðuðum, ráfuðum um og kíktum í rándýrar verslanir á flugvellinum. Flugði til Íslands fór af stað á nokkuð réttum tíma um kl. 14. Það var Icelandair flug og einhverjir höfðu ætlað að njóta bíómynda með fín heyrnartól en svo var skjákerfið í vélinni í lamasessi. Samt komumst við til Keflavíkur um kl. 15.10. Fríhöfn, farangur og bíllinn sem Kristín var með í láni.

Á Íslandi var hvassviðri og óvíst um flug og akstursskilyrði. Jóhannes ók til Akureyrar og gekk vel, smá skafrenningur í Öxnadal. Kristín og Ketill fóru með flugi kl. 19. Við komumst heim nokkurnvegin eins og áætlað hafði verið.

Ef einhver hefur lesið þessa ferðasögu má hin sami segja frá því. Hún hefur hinsvegar mun meira gildi til að muna hvernig ferðin var heldur en sem lesefni fyrir vinnufélagana. Samstarfsverkefni ganga meðal annars útá það að upplifa, kynnast nýjum stöðum og vinna saman, bæði með fólki úr öðrum löndum og stofnunum en ekki síður að þeir sem vinna saman daglega fái sameiginlega reynslu sem hægt er að bera með sér heim og nýta í sameiningu. Það er gott að einn og einn starfsmaður fái að kynnast nýjum hlutum en sennilega er ennþá lærdómsríkara að vera fleiri saman og geta rætt um það sem maður upplifir eftir að heim er komið.

JÁR, KES, KPG.